

**Nr. 084 / 16 Sturla GK 12*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1272  
IMO 6721216  
Smíðaður: Noregi 1967, stál  
Útgerð: Þorbjörn hf  
Stærð: 486,5 brl. 671,5 bt.  
Mesta lengd: 52,6 m Skráð lengd: 49,58 m  
Breidd: 8,53 m Dýpt: 6,8 m  
Vél: MaK 742kW, 1967  
Fjöldi skipverja: 15



Sturla©Guðmundur St Valdimarsson

**Gögn:**

Slysatilkynning frá skipi  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. apríl 2016 var Sturla GK 12 á línuveiðum austan við Holtshraun á S miðum. Veður: NA 10 m/s. Ölduhæð 4 m.

Skipverji var að festa lok á fiskikar í lest með teygjutessa á karinu og var að strekkja teygjuna í eitt hornið þegar hún slitnaði.

Við þetta kastaðist skipverjinn aftur fyrir sig og lenti með síðuna á karabrun með þeim afleiðingum að hann rifbeinsbrotnaði.

**Fiskikar með loki og teygjufestingu****Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.